



Til: sas@skipulag.is

Efni: Vatnsvinnsla í Vatnsendakrikum, Heiðmörk

Upplýsingar:

Sent: 05.12.2018 17:38:43 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018110015, Bréfalyklar: 42-8 Umsógn um efnisnám og aðrar náttúruauðlindir

Tilvísun í mál: 2018110015

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 5. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um aukna vatnstöku Veitna ohf. í Vatnsendakrika í Heiðmörk, Reykjavík.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsáætlun frá 5. maí sl. (sem að vísu er ekki að finna í 2. viðauka við frummatsskýrsluna) kom fram að stofnunin gerir ekki athugasemd við að höfuðáhersla í matinu verði á vatnstökuna sjálfa og áhrif hennar á aðrennissvæði vatnsbóla, niðurdrátt við vatnsból og breytingar á grunnvatnshæð þ.m.t. hugsanleg áhrif á vatnstökusvæðið í Kaldárbotnum. Engu að síður taldi Náttúrufræðistofnun, þó ekki yrði farið í sérstakar úttektir eða rannsóknir vegna náttúrufarsþátta eins og jarðminja, gróðurs og dýralífs, ástæðu til þess að gerð væri grein fyrir þessum þáttum ástamt landnotkun og skipulagi í frummatsskýrslu svo heildarmynd fengist af framkvæmdinni og þeim áhrifum sem hún kynni að hafa og hefði haft. Náttúrufræðistofnun telur að komið hafi verið til móts við umsögn stofnunarinnar og ekki þörf á frekari upplýsingum hvað þessa þætti varðar.

Náttúrufræðistofnun telur að í frummatsskýrslunni sé að finna góðar og nægar upplýsingar, sjá m.a. viðauka 3, 4 og 5, um hugsanleg áhrif aukinnar vatnstöku í Vatnsendakrika á grunnvatn/grunnvatnsrennsli og vatnsból innan og utan svæðisins. Einnig er þar að finna áætlanir um eftirlit og vöktun með vatnstökunni. Af upplýsingunum er ljóst að töluverðar breytingar geta átt sér stað á grunnvatni / grunnvatnsrennsli, m.a. eftir árferði, langt út fyrir Vatnsendakrika. Þar sem vatn er ein mikilvægasta auðlind landsins bæði fyrir menn og annað lífríki vill Náttúrufræðistofnun minna á að gæta þarf hófs og tryggja sjálfbæra nýtingu auðlindarinnar en í því felst einnig að gæta sameiginlegra hagsmuna þeirra sem nýta vatn á þessu svæði.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is

